

Skaftárhreppur
Ólafur E Júlíusson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 12. maí 2020
UST202005-045/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Þjónustumiðstöð Hæðargarður- Skaftárhreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir þjónustumiðstöðina Hæðargarð í Skaftárhreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir lóð fyrir allt að 1.250 m² þjónustubyggingu, bílastæðum og nýrri aðkomu.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar er nútímahraun, vistgerðir með hátt verndargildi og mikilvæg fuglasvæði og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að meta líkleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ofangreinda þætti.

Landbrothraun

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er nútímahraun sem nefnist Landbrothraun og fellur hraunið undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunasvæðið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun **bendir** á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og **gera grein** fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu **að verndargildi** hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða **eftir** atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum **sem** njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á **leyfisumsókn** ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni **af fyrirhugaðri** framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku **og alþjóðlegu** samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum **kostum** sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar **og ástæðum** þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir **fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum**, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Pess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að **binda leyfi** þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. **vistgerðin** starungsmýrvist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt **verndargildi** og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Í starungsmýrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; **lóuþræll** (*Calidris alpina*), **spói** (*Numenius phaeopus*), **þúfutittlingur** (*Anthus pratensis*), **hrossagaukur** (*Gallinago gallinago*), **jaðrakan** (*Limosa limosa*) og **stelkur** (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að **lóuþræll** og **spói** eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni, fjallað **sé um** áhrif tillögurnar á náttúru, vistgerðirnar og búsvæði fuglanna og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask ofangreindra vistgerða og búsvæða.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem skipulagstillagan nær til **er mikilvægt** fuglasvæði sem nefnist Landbrot – Meðalland (<https://www.ni.is/node/16181>).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um hver áhrif tillögurnar eru á fuglasvæðið og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask ofangreindar búsvæða.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur